





Dalabyggð

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitarstjórnarfundi nr. 245,
11. apríl 2024



Helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 19. mars sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 655 íbúar mv. 1. apríl sl.
- Seinna umræða um ársreikning Dalabyggðar fyrir árið 2023 fór fram hér fyrr á fundinum. Vil ég hér endurtaka þakkir mínar til allra þeirra sem að þeirri umfangsmiklu vinnu hafa komið, starfsmönnum Dalabyggðar sem og nefndarfólki og sveitarstjórn fyrir þátt allra þeirra sem um ræðir í því að útkoman er eins og raun ber vitni. Reksturinn okkar er viðkvæmur og því mjög dýrmæst sú mikla kostnaðarvitund sem ég upplifi meðal starfsmanna Dalabyggðar og kjörinna fulltrúa, liðsheildin er sterk.



-
- Aðalfundur SSV, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, fór fram þann 20. mars sl. auk þess sem aðalfundir Sorpurðunar Vesturlands, Símenntunar, Starfsendurhæfingar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fóru fram. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa á aðalfundi SSV þá var tekin umræða um eitt og annað og þ.á.m. vegamál eins og kom fram hér fyrir á fundi sveitarstjórnar. Það er mikilvægt að samstaða sé á meðal sveitarstjórnna á Vesturlandi um þennan mikilvæga innvið sem vegirnir okkar eru. Á aðalfundi SSV gekk Eyjólfur Ingvi Bjarnason úr stjórn sem aðalmaður en í hans stað f.h. Dalabyggðar er Ingibjörg Þórána Steinudóttir nú aðalmaður og Skúli Hreinn Guðbjörnsson er hennar varamaður.



- Talandi um vegamál þá vil ég hér vekja athygli á afar skeleggu samtali um vegamál sem fram fór í Bítinu á Bylgjunni mánudaginn 8. apríl sl. – sjá hér slóð á samtalið: https://www.visir.is/k/113707ac-c3ca-4e49-b70d-e3a6d753b6a8-1712563159670/bitid-algjort-stefnuleysi-stjornvalda-i-samgongum?fbclid=IwAR03xWWVwqILZqKyrfQ_AuViiAzly-ggyFvgELRHM5SBMnvEJr2AgO04140_aem_ASIToP9VDXsR-71cVE9QvAwzDYfpoYQf0inxTVxnctyRcPsWVzMuHAM_YtGzBygjSQ33MVi2v3Y3Ulp-CIkLWS-J
- Ég tek svo sannarlega undir orð þeirra Runólfs Ólafssonar framkvæmdastjóra FÍB og Ólafs Guðmundsson sérfræðings í umferðaröryggismálum sem féllu í þessu samtali um leið og ég nefni að stjórnvöld og stjórnmalamenn geta ekki fríað sig ábyrgð á því ófremdarástandi sem víða er um land, þ.m.t. í Dölunum.
- Áhuga- og skilningsleysi ráðamanna er ekki ásættanlegt lengur - landsmenn eiga betra skilið hvað umferðaröryggi og gæði vega varðar svo ég tali nú ekki um starfsmenn Vegagerðarinnar sem handmoka holfyllingarefni í handónýta vegi svo tonnum skiptir. Nú í vikunni átti sér stað ráðherrakapall og nýr ráðherra, sem m.a. á rætur sínar að rekja hingað í Dalina og þekkir vel til stöðu okkar, er sestur í stólinn og tel ég að við ættum sem fyrst ágætu sveitarstjórnarmenn að bjóða Svandísi Svavarsdóttir í heimsókn til okkar til að ræða vegamál og önnur mikilvæg mál sem undir innviðaráðuneytið heyrar.



- Tengt vegamálum; 1. apríl „gabb“ Skessuhorns vakti töluverða athygli en í því var tekin sú nálgun að reisa ætti „Vegagyðju“ við innkomuna í Búðardal og hljóðaði inngangur fréttarinnar á vef héraðsblaðsins eftirfarandi: „Eins og fram kom í frétt Skessuhorns fyrr á árinu auglýsti Dalabyggð eftir tillögu að verki við innkomuna í Búðardal. Kallað var eftir frumhönnun á aðkomutákni sem býður fólk velkomið í þéttbýliskjarnann Búðardal. Það var samstarfshópur Dalabyggðar, Vegagerðarinnar og SSV sem sá um umsjón verkefnisins, útboð og val á verki. Alls bárust fimm tillögur um listaverk eða skúlptúra sem hentað gætu sem táknmynd. Fyrir valinu varð stytta sem nefnist „Vegagyðjan - verndar vættur vegfarenda“ um Vestfjarðaveg. Verkið er eftir Hallbjörn Sveinsson listamann í Garði.“ Það er rétt að geta þess að þessi „frétt“ var birt með samþykki undirritaðs og í raun ætti það vel við að reisa verk í þessum anda í ljósi skelfilegrar stöðu í vegamálum í Dölum.
- Varðandi innkomuna í Búðardal þá vil ég einnig nefna samtal okkar og þrýsting á að farið verði í hraðalækkandi aðgerðir beggja megin Búðardal á þessu ári sem og að brugðist verði við því að hraðamælingarbúnaður hefur verið óvirkur frá því í vetur, allt skiptir þetta máli.



Vegagyðjan verður reist við Bú

;

- Starfsmenn skrifstofu Dalabyggðar sem áttu heimangengt, ásamt fylgifiskum, brugðu sér af bæ föstudaginn 22. mars sl. og fóru í heimsókn m.a. til vina okkar í Eyjafjarðarsveit. Það var gaman að fá að reka inn nefið þar og fræðast um það hvernig staðan er þar og þann mikla vöxt sem orðið hefur í starfsemi sveitarfélagsins samhliða all nokkurri fjölgun íbúa.
- Starfshópur sem skipaður var til að fara yfir skipulag íþróttu- og tómstundamála í Dalabyggðar hefur hafið störf. Starfshópurinn er þannig skipaður: Ingibjörg Þórunn Steinudóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar, Guðrún B. Blöndal fulltrúi fræðslunefndar og Jóhanna Sigrún Árnadóttir sem er fulltrúi UDN. Með starfshópnum starfar undirritaður. Þegar hefur verið haldinn einn fundur og á þriðjudaginn var fóru fulltrúar úr hópnum í heimsókn í Stykkishólm en þar er nýbúið að stokka upp í skipulagi málaflokksins. Það verður spennandi að sjá hvað út úr þessari vinnu kemur í sumarlok.



- Fyrst minnst er á íþrótt- og tómsundamál. Í öllum okkar áætlunum um rekstur Dalabyggðar til næsta ára og fjárfestingar höfum við gert ráð fyrir annarsvegar uppbyggingu íþróttamannvirkja í Búðardal sem og rekstri þeirra til lengri tíma. Hefur sveitarstjórn verið algerlega einhuga í þeirri afstöðu sinni að um leið og tækifæri gefst á fjármálamarkaði til lántöku að farið verði af stað í framkvæmdirnar – er þar engin breyting á. Undirritaður ásamt formanni byggðarráðs hefur haldið utan um samtöl við fjármálastofnanir og er það samtal lifandi og í gangi þegar þetta er sagt og ritað. Ástæða þess að ég vil hnykkja á þessu hér í þessari skýrslu minni er sú, m.a., að ég hef heyrt raddir um það hér í samfélaginu að við séum runnin á rassinn og sjáum ekki fyrir okkur að Dalabyggð geti farið af stað í framkvæmdina á næstu árum. Við þá sem efast um vilja okkar og kjark til að fara í þessa nauðsynlegu vegferð, sem og aðra íbúa Dalabyggðar, vil ég segja þetta: Það hefur engin af þeim 7 sveitarstjórnarmönnum sem í sveitastjórn Dalabyggðar sitja komið að máli við mig og ámalgað það að við ættum að hætta við framkvæmdina. Meðan svo er þá held ég og mitt samstarfsfólk sömu stefnu með það að markmiði að framkvæmdir við íþróttamannvirki hefjist sem fljótt sem verða má með því fororði að sjálfsögðu að fjármögnun fái á ásættanlegum kjörum m.v. vaxtaumhverfið í dag í ljósi þess að okkur ber að fara forsvaranlega með þá fjármuni sem sveitarfélagið hefur úr að spila sem er að mestu leiti skattfé.



-
- Aðstaða í kringum kennslusundlaug í Dalabúð hefur fengið andlitslyftingu undanfarna daga í kjölfar þess að Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við aðbúnað og fleira. Var gripið snarlega til aðgerða, löngu tímabærra, því um var að ræða m.a. rakaskemmdir og hefði ekki verið brugðist við nú hefði það geta haft ófyrirséðar afleiðingar hvað almenna starfsemi í Dalabúð varðar. Vonandi náum við að halda aðstöðunni í lagi og að aðbúnaður barnanna okkar í Auðarskóla og starfsmanna verði viðunandi þannig að sómi sé að þar til ný aðstaða verður tekin í notkun. Vil ég hér þakka starfsmönnum okkar og þeim iðnaðarmönnum sem komu að fyrir snör og góð viðbrögð sem og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir góð samskipti í kringum þessar aðgerðir.



- Upplýsinga- og umræðufundur um framtíðarmöguleika Breiðarfjarðar var haldinn mánudaginn 25. mars kl. 17:00 – 19:30 á Dalahótel, Laugum í Sælingsdal. Kynnt var á fundinum verkefni sem hófst árið 2022 um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðarfjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar. Skipað var í umræðuhópa á fundinum líkt og á þeim fundum sem haldnir voru í Stykkishólmi og í Vesturbyggð. Á næstunni verða niðurstöður þeirra umræðna kynntar. Markmið fundarins var að heyra sjónarmið íbúa og hagaðila, stýrihópi verkefnisins til upplýsinga, en hann, þ.e.a.s. stýrihópurinn mun á næstunni gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra byggða á þeim niðurstöðum sem fyrrgreindir íbúafundir skiluðu.



- Pósturinn hefur tilkynnt sveitarfélaginu um áform sín um að loka afgreiðslu félagsins í Búðardal þann 1. júní n.k. Við tókum að sjálfsgöðu taka til varna því staðsetning Búðardals er þannig að erfitt er að réttlæta þá lokun og auðvitað er vont að missa störf í samfélaginu. Það er umhugsunarefni hvernig haldið er á málum sem þessu því Byggðastofnun er gert að kalla eftir sjónarmiðum sveitarfélaga en engu að síður er fyrirtækið, Íslandspóstur ohf., - sem er í eigu ríkisins að fullu - búið að tilkynna starfsfólki og öðrum um áform sín í raun löngu áður en umsagnarfrestur er liðinn, skrýtin aðferðarfræði svo ekki sé meira sagt. Byggðarsjónarmið þau sem birtast í stefnu stjórnvalda eru hér að mínu mati fótum troðin án þess að stjórnvöld hreyfi nokkuð við málum.



- Ég vil koma á framfæri hamingjuóskum til leikfélags Laxdæla með vel heppnaða uppfærslu á leikritinu Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Það var nánast húsfyllir á öllum sýningum í Dalabúð sem er vel að verki staðið.
- Árshátíð Auðarskóla var haldinn þann 21. mars sl. Það var gaman að sjá og upplifa það sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn voru búnir að undirbúa fyrir árshátíðina og meðal þess sem var á dagskrá voru atriði úr Dýrunum í Hálsaskógi, Ávaxtakörfunni og Með allt á hreinu þannig að um var að ræða mikla veislu og vil ég hér koma á framfæri hamingjuóskum til nemenda og starfsmanna Auðarskóla með þakklæti fyrir þá miklu vinnu sem var að baki.



- Fyrir skömmu fór í loftið auglýsing um laus störf í Auðarskóla, bæði leik- og grunnskóla, fyrri næsta skólaár. Mörg þeirra starfa sem auglýst eru nú eru vegna þeirrar skyldu að auglýsa störf þar sem ekki er um að ræða starfsmenn sem sinna þeim í dag með full réttindi, óháð hæfileikum þeirra til að sinna viðkomandi starfi. Nú þegar hafa skilað sér nokkrar umsóknir og vonandi vilja síðan sem allra flestir af núverandi starfsmönnum halda áfram að starfa í þágu Auðarskóla, skýrast þessi mál á næstu vikum en það er ljóst, bæði af stöðunni hér í Dölum sem og af umfjöllun í fjölmiðlum undanfarið að það er og verður áskorun að manna skólastofnanir á komandi tímum, vonandi snýst sú staða til betri vegar.
- Og áfram skólatengt, útboð vegna skólaaksturs vegna næstu ára fer í loftið á morgun, föstudag. Vona ég að við fáum ásættanleg tilboð í allar leiðir og að þessi mál verði komin á hreint tímanlega fyrir næsta skólaár.



-
- Fréttapátturinn Kveikur á RÚV var með úttekt í þætti sínum fyrr í vikunni á þeirri aðstöðu sem ungir einstaklingar og geðfatlaðir búa við á hjúkrunarheimilum landsins og var fjallað um aðstöðu og aðbúnað á Fellsenda hér í Döllum m.a. Undirritaður hefur reynt af þeim málaflokk sem um ræðir og fannst mér nálgun þáttastjórnenda bæði leiðandi og á vissan hátt neikvæð því að á þeim heimilum sem um ræðir er gott starfsfólk sem er að gera sitt besta alla daga í þágu heimilismanna og það sem er einnig afar dýrmætt að heyra, og kom það m.a. fram í lok þessa þáttar án þess að stjórnandi vildi gera þeim vinkli hátt undir höfði, að heimilismenn eru sáttir, líður vel og upplifa Fellsenda sem sitt heimili. Fullyrðingar um hreppaflutninga og vanlíðan þeirra einstaklinga sem um ræðir vil ég leyfa mér, í ljósi reyntu, að vísa á bug – það er ekki öll sagan sögð með fréttamennsku sem þessari sem um ræðir. En vandi ungra einstaklinga sem missa heilsuna er til staðar, sú umræða hefur átt sér stað og þarf að viðhalda þar til lausn finnst innan heilbrigðiskerfisins.





- Rétt er að vekja athygli á því að óbyggðanefnd hefur frestað kröfulýsingum vegna þjóðlendukrafna utan meginlands, sjá frétt m.a. á heimasíðu Dalabyggðar. Kröfum skal lýst skriflega fyrir 2. september 2024. Kröfulýsingarfrestur var upphaflega veittur til 15. maí 2024 en á nefndarfundi 4. apríl var ákveðið að framlengja hann. Þá hafa verið gerðar leiðréttingar vegna landsvæða utan svæðis 12. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.



- Ársskýrsla DalaAuðs er komin út og er nú aðgengileg á vef Byggðastofnunar sem og hér fyrir neðan. Árlega eru haldnir íbúafundir í tengslum við DalaAuð, þar sem lögð eru fram markmið verkefnisins. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framgangi verkefnisins árið 2023. Þar er sagt frá þeim verkefnum sem sett hafa verið á dagskrá á íbúafundum, veittum styrkjum úr Frumkvæðissjóði og ýmsum sértækum verkefnum sem hafa fengið styrk úr Byggðaáætlun. Ársskýrsluna má lesa hér: [Ársskýrsla DalaAuðs 2023](#). Verkefnastjóri DalaAuðs mun á næstunni koma inn á fundi fagnefnda Dalabyggðar og útlista stöðu einstakra verkefni sem undir viðkomandi nefndir heyra þannig að sem flestir geti áttað sig á stöðu þeirra verkefna sem um ræðir hverju sinni.
- Úthlutun úr frumkvæðissjóð DalaAuðs fer fram í Árbliki þann 17. apríl n.k. Það eru 21 verkefni sem fá stuðning núna, fjölbreytt og spennandi verkefni sem gaman verður að sjá vaxa, sum ný af nálunni og önnur sem við könnumst við.

-
- Ég vek hér athygli á að Sönghópurinn Hljómbrot og Kór Akraneskirkju halda sameiginlega tónleika hér í Dalabúð laugardaginn 13. apríl kl. 20.00 og í Vinnaminni á Akranesi sunnudaginn 14. Apríl kl. 16.00 en sönghópurinn Hljómbrot er einmitt ein af þeim „afurðum“ má segja sem DalaAuður hefur komið að því að styðja við.
 - Að lokum vil ég einnig vekja athygli á samráðsfundum í næstu viku þar sem kynnt verður tillaga að stefnu um það þjónustustig sem Dalabyggð hyggst halda uppi og varða lögmælt verkefni (bæði lög skyld og lögheimil) sem og valkvæð verkefni. Vegna vinnu við þessa stefnu höfum við boðað til tveggja samráðsfunda til að gefa íbúum færi á að koma að borðinu og til að gefa sem flestum færi á að mæta verða haldnir tveir fundir á Nýsköpunarsetri Dalabyggðar en dagskrá fundanna er sú sama. Fyrri fundurinn verður 15. apríl kl. 17:00 og sá seinn verður 16. apríl kl. 20:00.

Tveir vestlenskir kórar - Kór Akraneskirkju og Sönghópurinn Hljómbrot úr Dölunum halda sameiginlega tónleika á Akranesi og í Búðardal.

BÚÐARDALUR	AKRANES
Dalabúð	Vinnaminni
13. apríl	14. apríl
kl. 20.00	kl. 16.00

- BBP – 11/04/2024

